



Til: Framkvæmdastjóra

Frá: Yfirverkfræðingi

Tilvísun: Framlenging á samningi um urðun og yfirmokstur

Búið er að bjóða út vélavinnu í Álfsnesi til tveggja ára frá og með næstu áramótum. Um er að ræða nokkra breytingu frá fyrra fyrirkomulagi, m.a. vegna dýptar reinarinnar (allt að 20 m) sem leiðir af sér að nauðsynlegt er að urða í tveimur áföngum í hæð.

Miklu máli skiptir hvenær hægt er að beina þeim úrgangi sem nú er í böggum frá móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi (um 85.000 tonn á ári) frá urðun og er sú lausn nú komin á framkvæmdastig (bygging gas- og jarðgerðarstöðvar).

Á stjórnarfundum í mars sl. var ákveðið að framlengja samning við núverandi verktaka fram að 1. september sl.

Vegna tafa á vinnslu útboðsgagna, m.a. vegna óvissu um tímasetningu á upphafi framkvæmda við gas- og jarðgerðarstöð og vegna útboðstæknilegra mála verður ekki hægt að ganga til samninga um verkið fyrr en 1. nóvember.

Lagt er til að núverandi samningur verði framlengdur til 1. nóvember næstkomandi með möguleika á framlengingu til 31.12.2018

Virðingarfyllt,

Bjarni G. P. Hjarðar

Yfirverkfræðingur

SORPA bs.